



Deildarfundur hjá SHS

Reykjavík, 05.11.2018

Mættir: Þrjátíu og þrír félagsmenn frá SHS mættir ásamt formanni og framkvæmdastjóra LSS (sjá mætingarlista). Enginn kom frá ISAVIA RVK og Neyðarlínunni.

- 1. Setning.** Formaður LSS setur annar fund hringferðar stjórnar kl. 20. MSS reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
- 2. Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins. Hann kynnti starfsreglur stjórnar, erindisbréf og siðareglur félagsins. Þakkar frá LSS til fulltrúa fyrir góð og fagleg vinnubrögð og gott samstarf.
- 3. Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** MSS fór yfir tilurð þessarar nefndar. BI kynnti niðurstöður laganefndar. Umræður:
 - Lagabreytingar eru kynntar í tíma þannig að hægt verði að taka upplýsta ákvörðun á þinginu 2020 þar sem tillögurnar verða lagðar fram til samþykktar. Ekki hægt að bera því við að fulltrúar séu ekki undirbúnir fyrir þennan lið á þinginu. Erfitt verður fyrir stóru liðin að uppfylla kvótann sinn og láta alla vera vel undirbúna en SHS er til í þá áskorun.
 - Farið var yfir fulltrúakjör í deildum og ítrekað að það þyrfti að vera samþykkt kjör af félagsmönnum á deildarfundum. Svör LSS voru á þá leið að stefnt væri á að hafa þetta hluta af vinnuferli og óskað yrði eftir fundargerðum deildarfundum varðandi kosninguna og virkni deildanna. Sérstaklega yrði skoðað iðgjöld frá deildum og kannað þannig hvort þær séu virkar. Í lok hvers almanaksárs yrði að koma skýrsla, staðfesting á greiðslu iðgjalda og fundargerð hverjir voru kosnir trúnaðarmenn.
 - Fyrirspurn hvornig gekk að vinna lagabreytingarnar eftir þingið og er sátt um þær. Vinnuhópurinn sem var skipaður var fjölbreyttur og endurspeglar flesta hagsmunahópa innan LSS og dreifðust vel um landið. Nefndarmenn og stjórn voru sátt við þessar tillögur. Næsta skref er að tryggja að félagsmenn og fulltrúar taki upplýsta ákvörðun um málið því óbreytt ástand væri ekki í boði. Ein af ástæðum þess að stjórn er að heimsækja deildir um landið er að ná sátt um þessar lagabreytingar eða kalla eftir umræðu og ábendingum þannig að laganefndin geti tekið tillit til athugasemdanna í tíma.
 - Fyrirspurn kom um hvort ætti að taka skilgreinar fyrir 1 eða 2 ár varðandi ákvörðun um fjölda fulltrúa. Í lagabreytingum er miðað við síðasta árið fyrir þing en ekki desembermánuð eins og var gert áður. Þetta þýðir að deildirnar sem er með fulltrúa án greiðslu detta út eða í versta falli þurfa að sameinast um landshlutafulltrúann sinn. Deildir falla ekki sjálfkrafa niður ef engin skilgrein berst og þarf að koma beiðni þess efnis.
 - Fyrirspurn kom um hvað gerist ef þessar lagabreytingatillögur verða felldar aftur. Fyrir liggur að ef ekki næst sátt um atkvæðavægið á næsta þingi verður lögð tillaga fram um að skipta félaginu upp í deildir. Öllum þeim sem voru á síðasta þingi eru meðvituð þessa tillögu og að ekki verði



unað lengur við óbreytt ástand. Ákveðið var á síðasta þingi að stofna þessa nefnd til að ná fram breiðri samstöðu um þessar breytingar.

- Tillögurnar verða áfram í þróun og sífelldri kynningu fram að þingi og vonumst til að sátt náist um þessar tillögur á næsta þingi.
- Fyrirspurn kom með hlutfall SHS í atkvæðum eftir breytingar um hvort það væri ekki eðlilegt að atkvæði og greiðslur myndu 100% fara saman. Við erum landssamband og því er eðlilegt að enginn einn aðili geti farið með meirihlutavald í félaginu og því telja nefndarmenn þetta vera sanngjarna millilendingu. Reynt að finna sanngjarna leið fyrir alla. Með þessu er hægt að hætt að tala um atvinnumenn og hlutastarfandi í lögum félagsins og í daglegu tali á milli félagsmanna.
- Fyrirspurn hvort það væri búið skoða önnur stéttarfélög með þessa samsetningu félagsmanna. Eina félagið sem kemst næst okkar samsetningu er félag háskólakennara. Engin önnur fordæmi eru til fyrir svona skiptingu. Til að mynda erum hlutastarfandi á undanþágu með fastar félagagreiðslur til BSRB þar sem upphæðir sem LSS eru lægri en gjöldin sem við þyrftum að greiða þangað.

- 4. Komandi kjaramál.** Farið var yfir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Þær eru launahækkar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir VR og Eflingu.

MSS fór í sérmál LSS.

- a. Tryggingakaflinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- b. Vaktavinnukaflinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktaálagið sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.
- c. Þrekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.

Umræður:

Rætt var um að fá fleiri dagvinnustöður innan slökkviliða. Í dag er verið að fá aðra en slökkviliðsmenn með annan metnað fyrir starfinu og öðruvísi hugsun gagnvart vaktarfyrirkomulag. Búið að fækka stöðugildum í dagvinnu og deildir því undirmannaðar.



Rætt var um að yfirmenn og stjórnendur eru að lenda í vandræðum með starfslýsingu eða starfsheitum. Starfsmatið veitti okkur hækkanir, en er í þessari stöðu að koma okkur í vanda. Það er verið að vinna í þessum málum.

Rætt var um að deildarstjórar, varðstjórar, eldvarnaeftirlitsmenn og slökkvistjórar hafa staðið í stað í launum og leggja þarf áherslu á að hækka laun þeirra. Það er vinnuhópur að vinna að tillögum fyrir komandi kjarasamninga varðandi þetta. Kjararáð vinnur síðan úr þeim tillögum. Ekki er verið að meta bakgrunn menntun og þekkingu til launa. Tryggja þarf að vaktaálag festist við launin við ákveðinn starfsaldur þannig að hægt sé að færa starfsmenn til í starfi t.d. vegna aldurs. Of dýrt fyrir alla að fara fyrir á eftirlaun.

Jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum markaði var á kostnað opinberra starfsmanna og lækkuðu lífeyrisgreiðslur í júní í fyrra og er það öfug þróun fyrir því sem við erum að berjast fyrir. Er eitt af baráttumálum BSRB og við fylgjum þeim í þessu. Það sem hjálpar væri að gera rannsókn á lífaldri slökkviliðsmanna eins og lögreglan gerði og náði að lækka lífeyrisaldur niður í 65 ár. Sama með krabbamein hjá slökkviliðsmönnum og styðjast við erlendar rannsóknir. Þýðið á Íslandi er of lítið til að gera sjálfstæða rannsókn.

Rætt var um starfsmatið að persónuleg þekking og menntun er ekki metin inn í starfsmatið. Þarf að tryggja að vinnuveitandi sé að nýta þá þekkingu til að geta sett þau inn í starfsmatið. Þarf stundum að fá endurmat á sumum starfheitum og röðun í starfsmatið,

Rætt var um orlofstímabilið um að finna sanngjarnari lausn en nú er. LSS sammála um að þetta fyrirkomulag þurfi að endurskoða og verður því vísað til kjararáðs ásamt öðrum punktum sem hafa komið fram á fundinum. Öll önnur stéttarfélög túlka orlofstímabilið öðruvísi en slökkviliðsstjórar. Hugmyndir komu upp að vera með auka álag fyrir þá sem taka frí í annan hvorn enda. Orlofsmálin voru einnig rædd á síðasta þingi LSS og verður unnið áfram með þetta. Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum. Rætt var um reglugerð um slökkvilið og útfærsluna á því. Allir sammála því að ef um fasta viðveru að ræða þá ber að borga fyrir það.

HS fór yfir útistandandi kjaramál hjá SHS. Fór yfir fyrirhugaða hækkun hlutastarfandi sjúkraflutningamanna (leiðréttingu). MSS fór yfir breytt vinnubrögð stjórnar.

5. Önnur mál

Málþing um sameiginleg fræðslu- og þjálfunaraðstöðu 29. Nóvember. Einar Örn Jónsson, formaður undirbúningsnefnda þakkar stjórn fyrir traustið fyrir að halda þetta málþing. Hvetur félagsmenn að koma á málþingið.



Formaður hvetur félagsmenn til að kíkja á heimasíðu LSS og koma með ábendingar og hugmyndir. Viljum virkja félagsmenn sem hafa áhuga á málefnum LSS.

Talað var um að slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn mættu gera meiri kröfur og vitnað var í forseta Íslands á námsstefnunni í fyrra í því samhengi.

Spurt var hvort það þyrfti ekki að efla skrifstofuna. Svarið var jú en fjármál og stærð félagsins ráða ekki við frekari stækkun að sinni. Málið er að forgangsraða verkefnum og vera þolinmóð gagnvart úrvinnslu verkefna. Kjaramálin eru ávallt sett í forgang. Erum að nýta þjónustu LSS í meiri mæli en áður.

MSS þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 21:37

Fundargerð ritaði Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS